

MINNISBLAÐ – SVÆÐISSKIPULAG FYRIR SUÐURHÁLENDIÐ

5. APRÍL 2023

Á fundi svæðisskipulagsnefndar fyrir Suðurrhálendið sem haldinn var 28. mars sl. var samþykkt að leggja fyrir sveitastjórnir minnisblað þetta og óska eftir afgreiðslu sveitarstjórna á erindi sem fram kemur neðst í því.

Inngangur

Eins og kunnugt er hefur tillaga að svæðisskipulagi fyrir Suðurrhálendið verið til kynningar og óskað hefur verið eftir umsögnum hagaðila um hana. Frestur til að skila umsögnum var til 19. febrúar sl. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir verkefninu og fjárhagsstöðu þess.

Uppfært kostnaðarmat

Frumkostnaðaráætlun fyrir gerð svæðisskipulags fyrir Suðurrhálendið, dags. 20. nóvember 2020, gerði ráð fyrir að heildarkostnaður verkefnisins yrði um 50 m.kr. og að fjárframlög kæmu frá SASS sem áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands 12 m.kr., frá sveitarfélögum sem að verkefninu standa 13 m.kr. og frá Skipulagssjóði 25 m.kr. Sveitarfélögin sem að verkefninu standa samþykktu fyrrgreinda frumáætlun um kostnaðarskiptingu og framkvæmd verkefnisins.

Á verktímanum var ákveðið að skoða nánar víðerni og verndarsvæði m.t.t. laga um náttúruvernd, mikilvægar vistgerðir, jarðmyndanir o.fl. Auk þess sem rýna þyrfti nánar með sérfræðingum, m.a. frá Náttúrufræðistofnun, landslag, landslagsgreiningu og leggja mat á verndargildi. Kostnaðarauki tengdur fyrrgreindum verkþáttum hækkaði kostnaðaráætlun um 13 m.kr. eða í 63 m.kr.

Þegar tillaga um gerð svæðisskipulags lá fyrir í janúar sl. var staða verkefnisins endurmetin og hvað gera þurfi til að geta lokið því. Gert er ráð fyrir að loka verkþættirnir sem felast m.a. í að yfirfara umsagnir, kynna verkefnið fyrir hagaðilum og ganga frá endanlegu svæðisskipulagi til samþykktar. Uppfærð áætlunin gerir ráð fyrir að kostnaður verði um 11 m.kr. (Ráðgjöf 7 m.kr. + kynning 2 m.kr. + 2 m.kr. annar kostnaður).

Samtals hefur þetta í för með sér að heildarkostnaður verkefnisins er áætlaður 74 m.kr.

Samantekið

Eins og sjá má á framangreindu hefur orðið nokkur breyting á fjárhagsramma verkefnisins frá því að lagt var af stað síðla árs 2020. Skýringar á því eru að á verktímanum var ákveðið að bæta við mikilvægum greiningum á víðernum og verndarsvæðum m.a. með kaupum á sérfræðiaðstoð og einnig hefur verðbólga (breyting á launum og verðlagi) haft nokkur áhrif.

Rétt er að geta þess að verkefnisstjórn hefur farið yfir kostnaðaráætlun ráðgjafafyrirtækisins EFLU og niðurstaðan hefur leitt til þess að fyrirtækið kemur til móts við verkefnið með auknum afslætti.

Verkefnisstjórn svæðisskipulags fyrir Suðurrhálendið leggur til að ljúka verkefninu og að skipting kostnaðar skiptist á milli aðila þannig að sveitarfélögin sem að verkefninu koma greiði 50% og Skipulagssjóður greiði samkvæmt reglum sjóðsins 50%. Verði þetta niðurstaðan þarf hvor aðili að greiða 12 m.kr.

Tillaga svæðisskipulagsnefndar og verkefnisstjórnar til sveitarstjórna

Tillaga svæðisskipulagsnefndar til sveitarstjórna er að leggja til við sveitarfélögin sem koma að gerð svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið skipti með sér viðbótarkostnaði til samræmis við kostnaðarskiptingu við frumáætlun frá í nóvember 2020.

Í töflunni hér á eftir á eftir má sjá hvernig skipting fjárframlaga yrði háttað.

	Heildark.	2023	2024				
Áhersluverkefni SASS							
Sveitarfélögin	12.000.000	8.000.000	4.000.000				
Skipulagssjóður	12.000.000	8.000.000	4.000.000				
Áætlaður heildark.	24.000.000	16.000.000	8.000.000				

Leið A	Fastur kostn.	Stærð landsv.	Samtals	Hlutfall	Samtals hlutur sveitarfélags	Til greiðslu 2023	Til greiðslu 2024
Skaftárhreppur	0,15	0,85	1,00	11,6%	1.395.349	930.233	465.116
Mýrdalshreppur	0,15	0,50	0,65	7,6%	906.977	604.651	302.326
Rangárb. eystra	0,15	0,85	1,00	11,6%	1.395.349	930.233	465.116
Rangárb. ytra	0,15	0,85	1,00	11,6%	1.395.349	930.233	465.116
Ásahreppur	0,15	0,85	1,00	11,6%	1.395.349	930.233	465.116
Skeiða- og Gnúpverjahr.	0,15	0,65	0,80	9,3%	1.116.279	744.186	372.093
Hrunamannahreppur	0,15	0,85	1,00	11,6%	1.395.349	930.233	465.116
Bláskógabyggð	0,15	0,85	1,00	11,6%	1.395.349	930.233	465.116
Grímsnes- og Grafningshr.	0,15	0,50	0,65	7,6%	906.977	604.651	302.326
Sveitarfélagið Árborg	0,15	0,10	0,25	2,9%	348.837	232.558	116.279
Flóahreppur	0,15	0,10	0,25	2,9%	348.837	232.558	116.279
			8,60	100%			

Gert er ráð fyrir að viðbótarkostnaður við verkefnið verði um 24 m.kr. án vsk. Af þeirri fjárhæð er gert ráð fyrir að 12 m.kr. komi frá sveitarfélagunum og Skipulagssjóður greiði 12 m.kr. eða helming áætlaðs kostnaðar skv. reglum sjóðsins.

Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn skiptist samkvæmt sömu reglu og gert var í nóvember 2020, þ.e. að 15% sé fastur kostnaður sem dreifist jafnt á öll 11 sveitarfélögin. Hinn hlutinn byggir á stærð landsvæðisins á hálendinu og þar er hlutur land stærri sveitarfélaganna sjö 85% og tveggja land minni 50%. Til skýringar þá fer Skeiða- og Gnúpverjahreppur með skipulagsvaldið fyrir Flóahrepp og Sv. Árborg og samtals telst landsvæði/réttur þeirra þriggja 85%.

Hlutfall af heildarkostnaði á sveitarfélag er frá 2,9% til 11,6% og samtals er því kostnaður á sveitarfélag á árabílinu 2023 til 2024 frá 0,4 m.kr. til um 1,4 m.kr. Í töflunni hér að ofan má sjá hvernig sá kostnaður skiptist á sveitarfélögin á ári 2023 og 2024. Athugið að hér er innri kostnaður sveitarfélaganna við s.s. fundarsetu, akstur og aðkoma sérfræðinga, s.s. byggingarfulltrúa, ekki meðtalin.

Gert er ráð fyrir að ljúka verkefninu árið 2023 en að greiðslur sveitarfélaganna dreifist á tvö ár.

Á fundi sveitarstjórna þarf að taka afstöðu til tillögu svæðisskipulagsnefndar og verkefnisstjórnar um að vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið verði lokið og að skipting viðbótarkostnaðar sveitarfélaganna byggi á ofangreindri töflu.



Verkefnisstjórn veitir upplýsingar um verkefnið eftir því sem þörf krefur.

Bestu kveðjur,
f.h. svæðisskipulagsnefndar og verkefnisstjórnar,

Helgi Kjartansson – Sími: 898 1552

Anton Kári Halldórsson – Sími: 868 0542

Elín Heiða Valsdóttir – Sími: 848 1510

Bjarni Guðmundsson – Sími: 897 9791